

# 14. stjórnarfundur Siðmenntar

Þriðjudaginn 1. október 2020, kl. 17:30 í Reykjavíkurakademíunni, Þórunnartúni.

**Mætt á fund:** Auður Sturludóttir (varaformaður), Inga Auðbjörg K. Straumland (formaður), Kristín Sævarsdóttir (gjaldkeri), Margrét Pétursdóttir (meðstjórnandi), Sveinn Atli Gunnarsson (varamaður), Mörður Árnason (varamaður), Hope Knútsson (varamaður) og Siggeir F. Ævarsson (framkvæmdastjóri).

**Fundarritun:** Siggeir F. Ævarsson

**Boðuð forföll:** Engin

**Fundardagskrá í svörtum lit**

Viðbætur ritara í bláum lit

## Dagskrá/Fundargerð

### 1. Verklagsreglur um virkni athafnastjóra og gæðaviðmið athafnaþjónustu

#### a. Skjölin lögð fram til kynningar

Inga fór stuttlega yfir skjölin og þá undirbúningsvinnu sem unnin hefur verið.

Um tvö mismunandi plögg er að ræða, *Gæðaviðmið athafnaþjónustu Siðmenntar* annarsvegar, og *Verklag um virkni athafnastjóra* hinsvegar.

Bæði þessi skjöl verða lögð fyrir komandi haustfund athafnastjóra til efnislegrar meðferðar, og svo aftur fyrir stjórn til staðfestingar í kjölfarið.

### 2. Afmælisár Siðmenntar - 30 ára afmæli 2020

#### a. Hvernig ætlum við að halda upp á þessi tímamót?

Hugmyndir sem komið hafa fram: Myndbandagerð, útgáfa tímarits, stór afmælishátíð, minni reglulegir viðburðir - t.d.

kynningarfundir á starfi félagsins, podcast, stækka aðalfundinn í þing og halda á afmælishelginni (15. febrúar)

**b. Hver á að sjá um undirbúninginn?**

Stofnuð verði afmælisnefnd, með fulltrúum úr stjórn og almennum félagsmönnum. Annar starfsmaður félagsins verði nefndinni innan handar og fylgi verkefnum hennar eftir. Auglýst verði eftir áhugasömum félögum og nefndin skipuð formlega í kjölfarið.

**3. Bréf til þingmanna/fjárlaganefndar vegna nýrra samninga Þjóðkirkjunnar við ríkið**

**a. Drög að bréfi lögð fram**

Framkvæmdastjóri leggur til að bréfið verði undirritað af honum og formanni, og sent á alla þingmenn og einnig sem opið bréf t.d. í Vísi.

Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að ljúka verkefninu fyrir vikulok.

**4. Breytingar á athafnaráði**

**a. Tillaga um að Arnar Snæberg setjist í ráðið lögð fram til samþykktar**

Samþykkt samhljóða.

**5. Til upplýsingar: Útfararnámskeið hefst í þessum mánuði**

**a. Tveggja helga útfaranámskeið hefst 25. október**

Námskeiðið er haldið í samvinnu við Humanist UK, sem senda tvo leiðbeinendur til landsins. 10 athafnastjórar eru skráðir á námskeiðið, sem haldið verður á Hellu.

**6. Flutningur í Skipholt 1. nóvember.**

**a. Ræða þarf praktísk atriði. Hverju má henda og hvernig á að standa að flutningum? Kaupa þjónustu?**

Framkvæmdastjóra falið að henda gögnum samkvæmt sinni sannfæringu, í krafti reynslu sinnar sem fyrrum skjalastjóri sveitarfélags.

Einnig að leita tilboða í flutningaþjónustu.

## 7. Opið hús í Skipholti

### a. Lagt er til að haldin verði reglulega, t.d. einu sinni í mánuði, opin hús í Skipholti

Inga stingur uppá hvort hægt sé að sameina mánaðarlega vinnufundi þessum viðburði, og halda t.d. þriðja þriðjudag hvers mánaðar. Dagsetning veltur á annarri dagskrá í húsinu. 15. október - fyrsta opið hús.

## 8. Endurnýjun á vef Siðmenntar

### a. Vefhópur

Inga, Kristín og Sveinn, ásamt framkvæmdastjóra, skipa vefhóp Siðmennt.

### b. Útboð

Vefhópur tekur saman þarfagreiningu. Í kjölfarið verði tilboða leitað í nýjan vef. Nýr vefur verði opnaður á afmælisári.

## 9. Ný Maskínukönnun, drög lögð fram

### a. Drög að nýrri könnun lögð fram

Mörður og Siggeir kynntu drög að nýrri og straumlínulagaðri könnun, sem þeir unnu í samvinnu við Þorlák Karlsson.

### b. Lífsvirðing hefur áhuga á að taka þátt og jafnvel bæta við einni spurningu

Lífsvirðingu boðið að taka þátt, með þeim fyrirvara að spurningarnar passi inn í könnunina að mati stjórnar. Stjórn áskilur sér rétt til að hafna spurningunum ef til kemur. Tillagan samþykkt með sex atkvæðum gegn einu.

### c. Kostnaður nýrrar könnunar

Stjórn telur kostnaðinn ásættanlegan miðað við umfang könnunarinnar.

### d. Tímasetning könnunar

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands

Lagt upp með að leggja könnunina fyrir snemma árs 2020.

## 10. Önnur mál

### a. Fundur athafnarstjóra 12. október

Haldinn í Skipholti. Skráning hafin. Stjórnarfolk velkomið á fundinn.

### b. Málefni Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét greindi frá stöðu mála hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands.

### c. Siðmenntarþing

Formaður greinir frá eindregnum vilja sínum til að gera aðalfund að stærri viðburði, og verði einhversskonar þing, frekar en einfaldur og þurr aðalfundur.

*Næsti stjórnarfundur verður haldinn þriðjudaginn 5. nóvember klukkan 17:30, í Skipholti 50c ef almættið lofar. Vinnufundur 15. október.*

**Fundi slitið klukkan: 19:15**